

## 075/01 - Kristín Eyjólfsson RE 15

Kristín Eyjólfsson RE 15, lendar á fyrirstöðu í sjó við Straumnes

### Kristín Eyjólfsson RE 15

**Skipaskr.nr.:** 6298

**Smíðaður:** Vogum 1978 Plast

**Stærð:** 3,59 brl; 2,83 bt

**Lengd:** 6,57 m **Breidd:** 2,12 m **Dýpt:** 1,36 m

**Vél:** Volvo Penta 119,00 kW **Árgerð:** 1995

**Annað:**

**Földi skipverja:** 2

### Atvikalýsing

Hinn 06. ágúst 2001 var Kristín Eyjólfsson RE 15 á siglingu í röstinni við Straumnes á leið til Bolungarvíkur. Skyndilega lenti báturinn á fyrirstöðu og fékk í kjölfarið eitthvað í skrúfunu. Eftir atburðinn var siglt á rólegri ferð til hafnar en titrings varð vart í bátinum. Við komuna til hafnar var báturinn tekin á land og kom þá í ljós að ákomur voru á fjórum stöðum og skrúfan ónýtt.

### Við rannsókn kom fram

- að sögn skipstjórans var töluvert um þara í sjónum og taldi hann sig hafa séð rekaviðardrumb í sjónum.

### Nefndarálit

Nefndin telur ekki ástæðu til að álykta í þessu máli.